

FUNDARGERÐ

365. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,
haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 14. apríl 2026 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Hildur Þórisdóttir (HP), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP).

Gestir á fundinum:

Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastj. (#1-#5) Jón Jónsson, lögmaður (#9-10)
Haddur Áslaugsson, tækni- og gæðastj. (#4)

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Stjórn skiptir með sér verkum – uppgjör aðalfundar
- 2 Ársskýrsla 2025 - útgáfa
- 3 Fjárhagur
- 4 Gagnaveita HEF - framtíðarsýn
- 5 Verkefni í vinnslu
 - a. Markarland, Djúpavogi
 - b. Lagarfell, Fellabæ
 - c. Melshorn – hreinsistöð fráveitu
 - d. Jarðhitaleit
 - e. Miðlunartankur á Borgarfirði eystra
- 6 Tjónakröfur á félagið (áður á dagskrá fundar #363)
- 7 Samorka – fréttir
- 8 Starfsmannamál
- 9 Jarðhitaleit í Eiðapinghá
- 10 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu
- 11 Önnur mál
 - a. Rammasamningar

1 Stjórn skiptir með sér verkum – uppgjör aðalfundar

Vilhjálmur Jónsson setur fund og spyr um lögmati fundar, engar athugasemdir gerðar.

Hann leggur til að Ívar Karl Hafliðason verði formaður stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Vilhjálmur felur Ívari stjórn fundarins.

Tillaga formanns að skiptingu hlutverka eftirfarandi:

Vilhjálmur Jónsson, varaformaður

Ágústa Björnsdóttir, ritari

Samþykkt samhljóða.

Staðfest fundargerð aðalfundar liggur fyrir fundinum.

Fundarmenn ánægðir með nýafstaðinn aðalfund, en stefnt verði að því að tvískipta fundinum, formleg fundadagskrá fyrri hluta og samtal og kynningar í framhaldi.

2 **Ársskýrsla 2025 - útgáfa**

Fyrir aðalfundi lá ársskýrsla félagsins fyrir 2025. Stjórn þakkar starfsmönnum og öðrum sem komu að gerð skýrslunnar fyrir glæsilegt verk.

3 **Fjárhagur**

Fyrstu 2 mánuðir 2026. Fyrir fundinum liggur yfirlit um rekstur janúar og febrúar 2026, borið saman við áætlun fyrir sama tímabil.

4 **Gagnaveita HEF - framtíðarsýn**

Minnisblað liggur fyrir fundinum um áætlaðar tekjur gagnaveitu HEF af innviðum félagsins næstu 10 ár. Málið áfram í vinnslu.

5 **Verkefni í vinnslu**

a. **Markarland, Djúpavogi**

Gengið hefur verið frá samningi við SG-vélar um verkið, sem hófu framkvæmdir 13. apríl. Verktími er áætlaður 15 vikur.

b. **Lagarfell, Fellabæ**

Útboðsauglýsing hefur verið birt í Dagskránni. Opnunardagur tilboða 28. apríl.

c. **Melshorn – hreinsistöð fráveitu**

Húsbyggingarverktaki áformar nú að ljúka framkvæmdum 30. apríl.

Verktaki í uppsetningu lagna og búnaðar í húsinu hefur hafið störf og áætlað að ljúka sínu um miðjan júní.

Stjórn lýsir verulegum vonbrigðum með framvindu innanhúss og að verkinu skuli ekki vera lokið eins og um var samið. Verkinu hefur seinkað og er það farið að tefja uppsetningu tæknibúnaðar sem stjórn telur óásættanlegt. Frekari seinkun kemur ekki til greina. Framkvæmdastjóra er falið að framfylgja samningnum með dagsektarákvæðum.

d. **Jarðhitaleit**

Stefnt er á að bora 400m djúpar rannsóknarholur við Seyðisfjarðarkaupstað í þeim tilgangi að finna varmagjafa fyrir miðlæga varmadælu í fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar. Staðsetningin er valin við hitahámark undir botnum við Dagmálalæk. Hiti á 200m dýpi í nálægri holu er 19°C og hitastigull þokkalegur. Árangurinn mun ráðast af því hvort nægt vatnsmagn reynist í holunni, sér í lagi neðan til.

Í framhaldinu er stefnt á dýpkun holu DPV-36 á Djúpavogi en horfur eru spennandi og hitahámark hefur ekki skorið í holunni. Stefnt er á að dýpka holuna úr 400m í 5-600 metra.

Síðsumars stendur til að bora 5 hitastigulsholur í Borgarfirði en Orkusjóður veitti styrk til þess í haust. Sótt hefur verið um rannsóknarleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar.

e. Miðlunartankur á Borgarfirði eystra

Verktaki mun hefja framkvæmdir á næstunni eftir vetrardvala. Stefnt er að verklokum snemmsumars. Til upplýsingar.

6 Tjónakröfur á félagið (áður á dagskrá fundar #363)

Aðkomu félagsins að viðgerð á sumarbústað vegna vatnstjóns er lokið.

Beðið er niðurstöðu mats á öðru tjóni er beðið.

7 Samorka – fréttir

Aðalfundur Samorku var haldinn 25. mars. Framkvæmdastjóri HEF gekk úr stjórn samtakanna.

Metnaðarfullur ársfundur Samorku var haldinn 17. mars í Borgarleikhúsinu. Ályktun aðalfundar samtakanna var kynnt á aðalfundi HEF.

Fyrsti fundur Samorku með Umhverfis- og orkumálaráðuneyti um endurskoðun Orkulaga (hitaveitu) hefur verið haldinn. Stefnt er á gildistöku á næsta löggjafarþingi.

Til upplýsingar.

8 Starfsmannamál

Védís Vaka mun að líkindum fara í fæðingarorlof í 12 mánuði frá mánaðamótum júní / júlí.

Framkvæmdastjóri hefur ráðið afleysingarmann í hlutastarf í verktöku meðan Vaka verður í burtu.

Jón Jónsson mætti til fundarins.

9 Jarðhitaleit í Eiðapínghá

Jón Jónsson lögmaður fer yfir samningsdrög eins og þau liggja fyrir, við landeigendur á Breiðavaði og Mýnesi 1.

Samningsdrögin rædd og farið yfir það svigrúm sem stjórn telur veituna hafa til samningsgreiðslna.

Ljóst er að mikill kostnaður og óvissa fylgir leit að jarðvarma og einungis vísbendingar sem komið hafa fram á svæðinu í dag.

Vilhjálmur Jónsson yfirgaf fundinn.

10 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu

Hæstiréttur birti dóm sinn 27. mars. Niðurstaðan veldur verulegum vonbrigðum. Félagið greiddi dómkröfu 1. apríl s.l.

Jón Jónsson lögmaður fór yfir málið og niðurstöður þess á öllum dómstigum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Fundarmenn fóru yfir ferlið við uppsögnina og hvað lá að baki.

Athygli vekur að ekkert þeirra þriggja dómstiga sem afgreiddu málið eru sammála um niðurstöðu.

Mikilvægt er að félagið yfirfari ráðningarsamninga við starfsmenn sína og tilvísanir í kjarasamninga.

Jón Jónsson yfirgaf fundinn.

11 Önnur mál

a. Rammasamningar

Framkvæmdastjóra falið að gera rammasamninga við verktaka sem þjónusta félagið reglubundið.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:05

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir.